

Nd.

306. Frumvarp til laga

um sjóði líftryggingafélaga og stofnana og eftirlit með þeim.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Líftryggingafélög og stofnanir, er hafa líftryggingasamninga í gildi hér á landi, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu afhenda Landsbanka Íslands fjárupphæð, er varðveitt sé í bankanum, til öryggis fyrir þá, sem tryggðir eru hjá félögunum. Fjárupphæð þessi skal afhent í skuldabréfum, sem séu eign hlutaðeigandi félags, og séu skuldabréfin þeirrar tegundar, sem mælt er fyrir um í 7. gr. Skuldabréfin frá hverju félagi, reiknuð með kaupverði, en þó aldrei yfir ákvæðisverð (pari), mega ekki samanlögð nema lægri upphæð en tryggingasjóð fyrir þær líftryggingar félagsins, sem eru í gildi hér á landi og hljóða á útborgun í islenzkum

krónum, enda sé tryggingasjóður reiknaður út eftir sömu reglum og þeim, er 18 gr. laga um Líftryggingastofnum ríkisins mælir fyrir um, að því undanskildu, að nota skal hinn almenna reikningsgrundvöll hlutaðeigandi félags eða stofnunar, að frá dregnum eignalið samsvarandi þeim, er um getur í 19. gr. áðurnefndra laga, og útlánnum félagsins gegn veði í eigin líftryggingum þess, er hljóða á útborgun í isl. krónum, að svo miklu leyti, sem slík lán fara ekki fram úr endurkaupsverðgildi samsvarandi tryggingasamninga.

2. gr.

Stjórn Líftryggingastofnunar ríkisins - sem í lögum þessum nefnist eftirlitsmenn — hefir fyrir hönd ríkisstjórnarinnar eftirlit með því, að líftryggingafélög og stofnanir fullnægi afhendingarskyldu sinni samkvæmt þessum lögum, og amast önnur störf, sem framkvæmd þessara laga hefir í för með sér, en laun fyrir þessi störf greiðast úr ríkissjóði.

3. gr.

Eftirlitsmenn skulu bera saman, svo oft sem þeir telja nauðsynlegt og eigi sjaldnar en einu sinni á ári, upphæð skuldabréfa félags, er geymd eru í Landsbanka Íslands samkvæmt 1. gr., við útreikning á tryggingasjóði félagsins og eignalið þeim, sem kemur til frádráttar samkvæmt 1. gr. Nú liggur ekki fyrir útreikningur á tryggingasjóði og samsvarandi eignalið þegar eftirlit fer fram, og má þá miða samanburðinn við samsvarandi útreikning í lok síðasta reikningsárs, að viðbættum únborguðum iðgjöldum á síðasta reikningsári fyrir þær líftryggingar, sem hljóða á útborgun í isl. krónum.

4. gr.

Nú er fjárupphæð sú, sem líftryggingafélag eða stofnun hefir afhent til geymslu hjá Landsbanka Íslands, minni en lög þessi mæla fyrir, og má þá veita hlutaðeigandi félagi tveggja mánaða frest til þess að fullnægja afhendingarskyldu sinni. Hafi félagið ekki fullnægt afhendingarskyldu sinni innan þess tíma, skal það sæta sektum frá 1000- -10000 krónum. Eftirlitsmenn geta, ef þeir telja betur séð fyrir hagsmunum hinna tryggðu á þann hátt og félagið hefir eigi fullnægt ákvæðum þessara laga, svipt félagið öllum yfirráðum yfir líftryggingastarfsemi þess hér á landi, og her þá eftirlitsmönnum að ráðstafa eignum félagsins hér á landi og skipta því tapi. er hinir tryggðu kunna að bíða, á þann hátt, að allar tryggingaupphæðir skerðist hlutfallslega jafnt.

Ef svo stendur á, þegar athugun fer fyrst fram samkvæmt lögum þessum á fjárupphæðum líftryggingafélaga, er afhentar hafa verið Landsbanka Íslands, að líftryggingafélag eða stofnun hefir eigi fullnægt afhendingarskyldu sinni, fyrir þær sakir, að félagið eigi ekki, er lög þessi öðlast gildi, skuldabréf af þeirri tegund, er ræðir um í 7. gr., geta eftirlitsmenn eftir ástæðum veitt hlutaðeigandi stofnun lengri frest til fullnægingar á þeirri skyldu. Sá frestur má þó ekki fara fram úr 5 árum, enda skuldbindi stofnunin sig til þess að auka svo miklu við, að það, sem á vantar fjárupphæðina, fari ár frá ári minnkandi eftir reglum, sem eftirlitsmenn fallast á, enda minnki það, sem á vantar, að minnstá kosti

ekki um minni upphæð árlega en sem nemur samanlögðum vaxta- og iðgjaldatekjum hlutaðeigandi félags af liftryggingum þess hér á landi, að frádragnum greiðslum á áföllnum liftryggingaupphæðum hér og rekstrarkostnaði félagsins hér á landi. Slíkan frest má þó ekki veita, ef það upplýsist, að hlutaðeigandi félag eigi, eða hafi fyrir ekki meira en ári síðan átt, stærri upphæð í útlánum, er eigi að greiða í isl. krónum, en upphaflega afhent fjárupphæð félagsins nemur.

5. gr.

Fjárupphæð sú, er um getur í 1. gr., skal eingöngu vera trygging fyrir fullnægingu á skuldbindingum liftryggingafélagsins hér á landi samkvæmt gildandi liftryggingasamningum, sem gerðir hafa verið við íslenska ríkisborgara, og ennfremur til trygginga á greiðslu sektarfjár, sem félaginu er skylt að greiða samkvæmt þessum lögum. Hin afhenta fjárupphæð er gefin að handveði til fullnægingar á áður nefndum skuldbindingum, og eru eftirlitsmenn handveðhafar fyrir hönd hinna tryggðu, og ber þeim öll umráð með nefndu handveði, jafnskjótt og eignir hlutaðeigandi liftryggingafélags eru teknar til þrotabúsmeðferðar. Sama gildir, ef félagið fullnægir ekki skuldbindingu samkvæmt liftryggingasamningi, er telst til héraðs liftryggingasamninga og gerður er við íslenskan ríkisborgara og félaginu samkvæmt dómsúrskurði ber að fullnægja.

Ef afhent fjárupphæð liftryggingafélags fer fram úr þeirri upphæð, sem fyrsta eða önnur grein þessara laga mælir fyrir um, getur félagið krafizt þess, að það, sem umfram er, verði afhent því.

6. gr.

Sala á ákveðnum hluta eða öllum liftryggingastofni félags getur ekki farið fram án samþykkis eftirlitsmanna. Slíkt samþykki geta eftirlitsmenn ekki veitt, nema þeir hafi áður sannfært sig um, að þeir, sem tryggðir eru hjá félaginu hér á landi, bíði ekki tjón við söluna og að það félag, sem tekur á sig skuldbindingar seljanda samkvæmt gildandi liftryggingasamningum, skuldbindi sig til þess að taka á sig afhendingarskyldu samkvæmt lögum þessum. Þó er Liftryggingastofnun ríkisins ekki skyld að fullnægja afhendingarskyldunni, ef sú stofnun tekur að sér skuldbindingar seljanda.

7. gr.

Liftryggingafélög og stofnanir, sem skyld eru að láta af hendi handveð samkvæmt lögum þessum, mega afhenda það í þeim verðmætum, er hér greinir:

1. Skuldabréfum útgefnum af íslenska ríkinu, eða skuldabréfum, er bera ákveðna vexti, sem ríkið ábyrgist.
2. Skuldabréfum veðlánastofnana, ef gildandi lög heimila, að þau megi nota til geymslu á fé ófjárráða.
3. Innlánsskirteinum íslenskra banka og sparisjóða.
4. Skuldabréfum útgefnum af isl. bæjar- eða sveitarfélögum og skuldabréfum, er bæjar- eða sveitarfélög ábyrgjast, enda taki eftirlitsmenn þau gild.
5. Veðskuldabréfum tryggðum með veðum í fasteignum eftir sömu reglum og þeim, er gilda um meðferð á fé ófjárráða og annara, sem eftirlit er haft með af hálfu hins opinbera.

6. Lánsviðurkenningum gegn tryggingum, er teljast jafnöruggar og þær, sem um getur í 5. tölulið, og verðbréfum, er samkvæmt tegund þeirra og tryggingu eru álíka trygg og þau, sem talin eru í 1.—4. tölulið, að dómi eftirlitsmanna.
7. Fasteign, er félagið sem ófullnægður veðhafi hefir orðið að taka til umráða, þó ekki lengur en í tvö ár og ekki með stærri upphæð en eftirstöðvar lánsins eru á þeim tíma, er eignin er tekin til umráða.
Ennfremur fasteign, er stofnunin á og notar til þess að hafa þar aðal-skrifstofu sína, með upphæð, sem ekki má fara fram úr $\frac{1}{5}$ fasteignamats.

8. gr.

Liftryggingafélög þau og stofnanir, er hafa afhendingarskyldu samkvæmt 1. gr., og aðalumboðsmenn þeirra hér á landi skulu eigi síðar en 9 mánuðum eftir lok reikningsárs félagsins senda eftirlitsmönnum skýrslu um starfsemi þess hér á landi. Þá skýrslu skal gera á eyðublöð, er eftirlitsmenn ákveða, og skal í skýrslunni vera yfirlit yfir tryggingaupphæðir, ársiðgjöld og tölu liftryggingasamninga félagsins, sem voru í gildi hér á landi við síðustu áramót, ásamt útreikningi á tryggingasjóði eftir sömu reglum og þeim, er getur í 18. gr. laga um Liftryggingastofnun ríkisins, að því er snertir liftryggingar félagsins hér á landi, sem hljóða á útborgun í íslenskum krónum, og ennfremur útreikningi á samsvarandi eignalið eftir sömu reglum og þeim, er greinir í 19. gr. laga um Liftryggingastofnun ríkisins. Skýrslu þessari skulu fylgja öll gögn, sem nauðsynleg eru til þess að prófa útreikninga þessa, og ennfremur skýrsla um lán félagsins gegn veði í liftryggingasamningum félagsins hér á landi, er hljóða á útborgun í íslenskum krónum.

Nú verður útreikningi á tryggingasjóði félags og eignalið þeim, er kemur til frádráttar samkvæmt 1. gr., ekki komið við er lög þessi öðlast gildi, og skal þá félagið afhenda til geymslu fjárupphæð í skuldabréfum svo sem fyrir er mælt í 1. gr., samkvæmt áætlun, sem félagið leggur fram og eftirlitsmenn samþykkja, um tryggingasjóð fyrir tryggingar, er greiða beri í íslenskum krónum. Skyllt skal þó félagi, er svo stendur á um, er að ofan greinir, að leggja fram fullkomna reikninga og skýrslur samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar innan eins árs frá því að lögin öðlast gildi, enda sé þá og fjárupphæðin í skuldabréfum, er félaginu er skyllt að afhenda, færð til samræmis við þá reikninga og skýrslur.

Skyllt er að láta eftirlitsnefnd í té ársskýrslu frá stjórn hlutaðeigandi liftryggingafélags ásamt skýrslu endurskoðenda eigi síðar en þrem mánuðum eftir aðalfund félagsins.

9. gr.

Vanræksla á skýrslugjöf samkvæmt 8. gr. varðar dagsektum frá 20—80 krónum, og er heimilt að dæma hvern stjórnarmeðlim eða aðalumboðsmann erlends liftryggingafélags, er sök á, í slíkar dagsektir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar af allsherjarnefnd, en á fund vantaði tvo nefndarmenn.

Fylgdi frv. svolátandi greinargerð:

„Á þessu þingi er lagt fram frumvarp til laga, er skipulagsnefnd atvinnu- mála hefir fjallað um, um Líftryggingastofnun ríkisins. Með því frumvarpi er að því unnið að flytja líftryggingastarfsemi hérlendis á innlendar hendur og jafnframt að fela þá aukningu, sem hér eftir yrði á þessu starfi, sérstakri stofnun, er ríkið efndi til. Frumvarp það til laga um sjóði líftryggingafélaga og stofnana og eftirlit með þeim, sem hér liggur fyrir og sama nefnd hefir fjallað um, með aðstoð hr. Árna Björnssonar tryggingafræðings, er að nokkru skylt hinu fyrrgreinda frumvarpi, og má líta á frumvörpin bæði sem samstæður að því leyti, að hvorttveggja miðar að því að auka sem mest öryggi trygginganna í landinu, og að hinu jafnframt, að reisa skorður við því, að verðmæti leiti að óþörfu út úr landinu. Þá eru þessi frumvörp einnig tengd að því leyti, að þetta frv. vitnar um veruleg atriði til frv. um Líftryggingastofnun ríkisins og er að því leyti á því reist, að hið siðarnefnda frumvarp verði að lögum.

Ísland er eina landið í Norðurlálfunni, svo kunnugt sé, sem ekki hefir neina löggjöf um eftirlit með líftryggingastarfsemi og engar ráðstafanir gerir til öryggis þeim, sem tryggðir eru. Nú er líftryggingastarfsemi orðin svo viðtæk hér á landi, að ekki þykir hlýða að láta svo búið lengur standa. Hérlendir menn eru nú tryggðir fyrir upphæð, sem nemur nálægt 3 tugum millj. króna, og þótt svo færi, að ríkisstofnun tæki í sínar hendur væntanlega aukningu á líftryggingum hérlendis, þá er þetta svo mikið fé, að sjálfsagt virðist að gera þær ráðstafanir um meðferð tryggingasjóða — er á sínum tíma eiga að greiða tryggingarféð — sem samsvari þeim kröfum, sem annarsstaðar eru gerðar og þar þykja sjálf-sagðar.

Þau eru tvö meginatriði þessa frumvarps, að tryggt sé, að ávallt sé nægur sjóður í öruggum verðmætum fyrir hendi, er samsvari þeim skuldbindingum er líftryggingafélag hefir tekið að sér gagnvart landsmönnum, og að séð sé fyrir því, að tryggingasjóðir séu ávaxtaðir innanlands. Bæði þessi atriði eru þess eðlis, að naumast getur ágreiningur risið upp um réttmæti þeirra. Enda þykja þetta sjálf-sagðar kröfur af hálfu hins opinbera t. d. á Norðurlöndum, en við löggjöf frá þeim löndum hefir einkum verið stuðzt í ákvæðum frumvarpsins. Nú er það að visu svo, að sum þeirra erlendra félaga, er hér hafa starfað undanfarið, hafa ávaxtað allverulegan hluta af tryggingasjóðum, er samsvara tryggingum ís-lenzkra manna, hérlendis, en hinsvegar hvílir engin lagakvöð á þeim í þessum efnun, enda ekki sjáanlegt, að sum félögin hafi að þessu ráði horfið.

Sökum þess, hve mjög er rætt um ýms þau efni, er við koma líftryggingum, í greinargerð fyrir frumvarpinu um Líftryggingastofnun ríkisins, og með því að þar er margt skýrt, sem varðar ákvæði þessa frv., verður hér látið nægja að vísa til þeirrar greinargerðar um þau efni, sem hér eru sameiginleg, að viðbættum eftirfarandi athugasemdum við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í greininni eru fyrirmæli um, að líftryggingafélög og stofnanir, er hafa líftryggingasamninga í gildi hér á landi þegar lög þessi öðlast gildi, skuli afhenda Landsbanka Íslands fjárupphæð, er varðveitt sé í bankanum til öryggis fyrir hina tryggðu, og er svo til ætlað, að fjárupphæð þessi sé falin í sérstaklega tryggðum, innlendum skuldabréfum. Séu skuldabréfin ekki þess eðlis, að talað verði um almennt kaupverð á þeim (svo sem ríkisskuldabréf, veðdeildarbréf o. s. frv.), verða bréfin reiknuð með því verði, sem félagið hefir fyrir þau gefið, en aldrei reiknuð meira virði en ákvæðisverð þeirra er. Skuldabréf, sem hvert félag fyrir sig afhendir, skulu samanlögð nema eigi lægri upphæð en tryggingasjóður félagsins er fyrir þeim líftryggingum, sem greiðast eiga í íslenskum krónum, enda sé tryggingasjóður þessi reiknaður út eftir þeim reglum, sem mælt er fyrir um í 18. gr. laga um Líftryggingastofnun ríkisins — þ. e. í sjóðnum skulu vera tryggingaupphæðir, sem hafa verið tilkynntar til útborgunar eða eru áfallnar, en ekki útborgaðar, að viðbættum iðgjaldaviðlagasjóði, sem skilgreindur er í þeim lögum. Þó er í greininni tilskilið, að nota megji hinn almenna reikningsgrundvöll hlutaðeigandi félags eða stofnunar, með því að álita verður, að reikningsgrundvöllur þeirra félaga, sem hér hafa starfað, sé tryggur. Þá mega félög einnig draga frá tryggingasjóðum sem eignalið ákveðinn hundradshluta af álagningu á nettóiðgjöld, svo sem Líftryggingastofnuninni er heimilað í 19. gr. laga um hana. Og að lokum þarf félag ekki að setja veð fyrir eigin líftryggingum, sem félagið hefir sjálft lánað tryggjendum út á. Þessi síðasta undanþága er að sjálfsgöðu við það bundin, að lánin hafi ekki farið fram úr endurkaupsverðgildi tryggingasamninganna.

Um 2. gr.

Eðlilegt virðist, að stjórn Líftryggingastofnunar ríkisins hafi með höndum eftirlit með því, að þessum lögum sé framfylgt. Við þá stofnun starfa sennilega þeir menn, sem mesta þekkingu hafa hérlandis á tryggingamálum, og ættu því að hafa sérstök skilyrði til þess að leysa þetta verk af hendi. Greinin mælir svo fyrir, að laun fyrir eftirlitsstarfið séu greidd úr ríkissjóði. Eru þau fyrirmæli nauðsynleg vegna þess, að Líftryggingastofnunin greiðir laun sinna starfsmanna, en órétt þykir, að sú stofnun greiði fyrir kostnað af eftirliti með öðrum líftryggingafélögum.

Um 3. gr.

Þessi grein mælir fyrir um það, að eftirlitsmenn skuli jafnan hafa vakandi auga á því, að upphæð skuldabréfa félags, sem afhent hafa verið til geymslu, sé samsvarandi tryggingasjóði þeim, er lögin ákveða. Nú eru þær stærðir breytilegar, sem upphæð sjóðsins er miðuð við. Fyllilega nákvæman samanburð er þess vegna ekki hægt að gera, nema því aðeins, að útreikningur á fyrrnefndum stærðum, miðaður við þann dag, er talning fer fram á afhentum skuldabréfum, sé þá fyrir hendi.

Þess er þó ekki krafizt í þessum lögum, að slíkur útreikningur fari fram oftár en einu sinni á ári, í lok reikningsársins, og með því að útreikningurinn tekur nokkurn tíma, má gera ráð fyrir, að hann verði ekki kominn eftirlits-

mönnum í hendur fyrr en talsvert löngu eftir þann dag, sem hann er miðaður við. Til þess að taka af allan vafa um það, hve stór sjóðurinn eigi að vera þegar þannig stendur á, er svo fyrir mælt í greininni, að þá skuli miða við útreikning á tryggingasjóði og samsvarandi eignalið við lok síðasta reikningsárs, að viðbætti upphæð, sem nemur innborguðum iðgjöldum á síðasta reikningsári. Með því ákvæði er það tryggt, að sjóðurinn nemi ekki lægri upphæð en mælt er fyrir um í 1. gr.

Um 4. gr.

Þessi grein er um viðurlög við því að fullnægja ekki afhendingarskyldunni. Er gert ráð fyrir, að eftirlitsmenn geti veitt frest til þess að gera félaginu hægtara fyrir, en að það sæti sektum, ef afhendingarskyldunnar er eigi gætt þrátt fyrir þá ívilnun, og jafnvel sviptingu á yfirráðum félagsins yfir rekstri og eignum hér á landi, ef miklar sakir eru.

Nú kann að standa svo á, að félag, sem hér hefir starfað, hafi eigi ávaxtað fé innanlands og sé því óhægt um í upphafi að afhenda skuldabréf þeirrar tegundar, er lögin mæla fyrir um, og mega þá eftirlitsmenn veita sérstakan frest, ef svo stendur á. Ef um mikið fé er hér að ræða, getur sá frestur orðið allt að 5 árum, enda minnki fjárupphæðin árlega eftir reglum, sem eftirlitsmenn fallast á í hvert skipti. Ekkert árið má lækkun upphæðarinnar vera minni en sem því nemur, er landsmenn raunverulega greiða til félagsins, að frádregnum greiðslum á áföllnum líftryggingum og rekstrarkostnaði félagsins hérlendis. Sérstök varnarákvæði eru í greininni gegn því, að félag geti brugðið við, sökum frv. þessa, og dregið fjármagn sitt til útlanda í því skyni að nota sér síðar ákvæðið um heimildina til þess að veita frest.

Um 5. gr.

Grein þessi skýrir, í hverju séu fólgin yfirráð eftirlitsmanna yfir fjárupphæð þeirri, er rætt er um í 1. gr. — að fé þetta beri að skoða sem veð fyrir skuldbindingum félagsins gagnvart landsmönnum og sem veð fyrir greiðslu sektarfjár. Þarf hér eigi sérstakra skýringa við.

Um 6. gr.

Þau félög eða stofnanir, er hér hafa starfað, geta ekki selt líftryggingastofn sinn, eða hluta af honum, nema með samþykki eftirlitsmanna, er jafnan skulu ganga úr skugga um, að tjón geti eigi hlotizt af fyrir hina tryggðu. Líftryggingastofnun ríkisins er undanþegin afhendingarskyldu, ef hún skyldi taka að sér skuldbindingar seljanda. Sú stofnun yrði, eðli sínu samkvæmt, fulltrúi ríkisins og því óþarft af ríkinu að heimta af henni veð.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar um skuldabréf þau, er félögin eiga að afhenda til geymslu, eru í nánú samræmi við ákvæðin um varðveislu tryggingasjóðs í 21. gr. frv. um Líftryggingastofnun ríkisins. Sá er einn munur þar á, að félögin eiga að afhenda skuldabréf, sem útgefin eru af íslenskum bæjar- eða sveitarfélögum, og skuldabréf, er bæjar- eða sveitarfélög ábyrgjast, ef eftirlitsmenn taka

þau gild, og önnur skuldabréf, sem jafngild eru, að dómi eftirlitsmanna, þeim verðbréfum, sem íslenska ríkið, veðlánastofnanir, bankar og sparisjóðir ábyrgjast, eða talin eru nægilega trygg, samkvæmt gildandi lögum, til þess að festa megi í þeim fé ómyndugra.

Í greininni er ekki gert ráð fyrir, að félögin afhendi skuldabréf fyrir lánun, sem tryggjendur hafa sjálfir fengið út á líftryggingasamninga sína. Er þetta í samræmi við ákvæði 1. gr.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um skyldur líftryggingafélaga og stofnana til þess að senda eftirlitsmönnum skýrslur og reikninga sína árlega.

Eigi er þörf á að skýra fyrstu né þriðju málsgrein, en önnur málsgrein fjallar um þær ástæður, er félag á óhægt með að gefa fullnægjandi skýrslu um starfsemi sína hérlendis sökum þess, að íslenskar tryggingar félagsins hafi eigi verið aðgreindar frá öðrum tryggingum í bókfærslu félagsins. Er gert ráð fyrir, að fyrsta árið megi áætla um tryggingasjóð fyrir tryggingar, er greiða beri í ísl. krónum, enda samþykki eftirlitsmenn áætlunina. Eftir fyrsta árið er félögunum gert að skyldu að gefa skýrslur, sem eftirlitsmenn eiga að hafa aðstöðu til að prófa, um þau atriði, er liggja til grundvallar útreikningi á tryggingasjóði og samsvarandi eignalið.

Um 9. og 10. gr.

Eigi er þörf skýringa á greinum þessum.